

## 214. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 29. júní 2006 kl. 17.00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP  
Elísabet L. Björgvinsdóttir, ELB  
Hjörleifur K. Hjörleifsson, varamaður HKH  
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri EF  
Helga Guðmundsdóttir, varamaður HG  
Berglind Axelsdóttir, BA  
Davíð Sveinsson, DS  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

### 1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 408, dags. 22.6.2006.

**Fundargerðin er í 32 tölusetnum liðum.**

**Liður 2.2 Fundargerð Hafnarnefndar liður 1 gjaldskrá Stykkishólms-hafnar samþykktur og fundargerðin samþykkt. Til máls tóku: DS og EF**

**Liður 2.3. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar.**

**Liður 1 Sumarbústaðir ehf./ Þórarinn Sighvatsson sækir um að byggja einbýlishús að Hjallatanga 12. Samþykkt samhljóða.**

**Liður 2 Jón L. Bæringsson sækir um að rífa niður fjárhús á “Stebbaletti” í Nesvogi. Samþykkt samhljóða.**

**Liður 3 Daði H. Sigurþórsson og Hjálmdís B. Bergmannsdóttir sækja um leyfi fyrir lóðarbreytingu ásamt að byggja einbýlishús að Reitarvegi 4. Samþykkt samhljóða að veita breytingu á stækkun á lóð og grenndarkynna á erindið fyrir Reitarvegi nr. 2, 4a og 6.**

**Liður 4 Gunnlaugur Valdimarsson Austurgötu 5 sækir um að byggja við húsið. Samþykkt samhljóða. Til máls tóku: DS og GDP**

**Grenndarkynna á erindið fyrir Austurgötu nr. 3 og 9.**

**Liður 5 Guðný V. Gísladóttir sækir um leyfi fyrir hönd hótels Breiðafjarðar að setja upp skilti við Aðalgötu. Samþykkt samhljóða. Til máls tóku: GDP, BA og DS**

**Liður 6 Ásthildur Sturludóttir sækir um lóðarstækkun lóðar við Skólastíg nr. 5 samkvæmt tillögu.**

**Samþykkt samhljóða að stækka lóð í átt að göngustíg í norðaustur og í suðvestur samkvæmt tillögu.**

**Liður 7 Safna- og menningarmálanefnd Stykkishólmsbæjar sækir um leyfi til að setja upp tímabundið auglýsingaskilti. Samþykkt samhljóða.**

**Liður 8 Skipavík ehf sækir um að byggja sumarhús að Arnarborgum nr. 9. Samþykkt samhljóða. Davíð sat hjá.**

**Liður 9 Arkís sækir um f.h. Bensínorkunnar og Skeljung að byggja sjálfsafgreiðslueldneytisstöð við Aðalgötu nr. 26.**

**Erindi samþykkt samhljóð með fyrirvara á samþykki Hollustuverndar Ríkisins og Brunamálastofnunar.**

**Liður 10 Hamraafl ehf óskar eftir að byggja atvinnuhúsnæði að Hamraenda nr. 3. Samþykkt samhljóða með fyrirvara á samþykki Brunamálastofnunar.**

**Liður 13 Jóhannes Þórðarson og Gyða Sigurðardóttir Garðaflöt 6 óska eftir að endurnýja glugga og klæðningu á húsi. Samþykkt samhljóða.**

**Liður 14 Jón A. Ingólfsson og Sigrún E. Svavarsdóttir Skúlagötu 15 sækja um lóðarframkvæmdir. Samþykkt samhljóða með fyrirvara um að framkvæmdir séu innan lóðarmarka.**

**Liður 15 Gláma Kím sækir um f.h. James Lingwood c/o Artangel breytingar ásamt innanhúsbreytingum/ endurbótum á Bókhöðustíg 19. Samþykkt samhljóða.**

**Liður 16 b Sumarbústaðir ehf/ Þórarinn Sighvatsson sækir um grafrarleyfi á lóðinni Hjallatangi 20 með fyrirvara á lóðarúthlutun. Samþykkt samhljóða. Samþykkt að fela skipulags- og bygginganefnd að búa til reglur varðandi stærð, staðsetningu og umhirðu skilta í landi Stykkishólmsbæjar og fundargerð samþykkt.**

**Liður 2.4. Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms, liður 2 Starfsmannamál.**

**Allir kennarar koma til með að vera næsta skólaár. Hólmgeir Þórsteinsson píanó kennari hefur óskað eftir að minnka starfshlutfall sitt í 50% næsta árið. Ákveðið að auglýsa eftir kennara, samþykktur samhljóða og fundargerðin samþykkt.**

**Liður 2.6. Stýrihópur um stækkun grunnskóla og tónlistarskóla, samþykkt að fela bæjarstjóra að semja við Önnu Kristínu Sigurðardóttur sem sérfræðiráðgjafa við verkefnið. Til máls tóku: GDP, EF, BA og DS**

**Liður 4.1. endurnýjun á leyfi Golfklúbbsins Mastra til áfengisveitinga. Samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þrem. Allir tóku til máls. Berglind, Helga og Hjörleifur greiddu atkvæði á móti vegna þess að þau töldu vínveitingar eigi ekki að vera þar sem barna og unglíngastarf á sér stað.**

**Bókun Davíð með atkvæði sínu er svona**

**“ Undanfarin ár hefur Golfklúbburinn Mostri haft leyfi til áfengisveitinga og gengið mjög vel að fylgja settum reglum. Þar sem**

Þetta er endurnýjun á leyfi klúbbsins og öll aðstaða til fyrirmyndar samþykki ég áframhaldandi leyfisveitingu.”

Davíð Sveinsson

Liður 4.2. endurnýjun á leyfi Hótel Breiðafjarðar til áfengisveitinga. Samþykkt samhljóða.

Liður 7.1. Pálmi Ólafsson sækir um lóð við Hjallatanga 13 og til vara Hjallatanga 15. Samþykkt samhljóða að veita Pálma Ólafssyni lóðina við Hjallatanga 13

Liður 7.2. Sumarbústaðir ehf. sækja um lóð við Hjallatanga 20. Samþykkt samhljóða að veita Sumarbústöðum ehf. lóðina við Hjallatanga 20.

Liður 8.1. 40.000.000 kr. með 4,4% vöxtum til 10 ára.

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Bæjarstjórn samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 40.000.000 kr. með 4,4% vöxtum til 10 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að fjármagna byggingu leikskóla í Stykkishólmi, sbr. 2. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004.

Jafnframt er Erlu Friðriksdóttur kt. 011268-5879, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Stykkishólmsbæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Liður 8.2. 50.000.000 kr. með 4,65% vöxtum til 16 ára.

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Bæjarstjórn samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 50.000.000 kr. með 4,65% vöxtum til 16 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að fjármagna byggingu leikskóla í Stykkishólmi, sbr. 2. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004.

Jafnframt er Erlu Friðriksdóttur kt. 011268-5879, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Stykkishólmsbæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess

að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari. Til máls tóku: EF og DS

**Liður 11. Endurskoðun erindisbréfa:**

- a) Bæjarráð. Samþykkt samhljóða.
- b) Æskulýðs- og íþróttanefnd. Samþykkt samhljóða.
- c) Atvinnumálanefnd. Samþykkt samhljóða.
- d) Skipulags- og byggingarnefnd. Samþykkt samhljóða.
- e) Fræðslunefnd. Samþykkt samhljóða.
- f) Húsnæðisnefnd. Samþykkt samhljóða.
- g) Skólanefnd tónlistarskólans. Samþykkt samhljóða.
- h) Safna- og menningarmálanefnd. Samþykkt samhljóða.
- i) Hafnarstjórn. Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: EF,DS,ELB og GDP

**Liður 12. Erindisbréf stýrihóps um myndun framtíðarsýnar fyrir Stykkishólmshöfn. Samþykkt samhljóða. Til máls tóku: EF,HG og GDP**

**Liður 13. Erindi frá Hvítasunnukirkjunni vegna niðurfellingar fasteignagjalda.**

Samþykkt samhljóða að veita Hvítasunnukirkjunni styrk að upphæð kr.79.044 vegna fasteignagjalda. Hvítasunnukirkjunni er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á vatnsgjaldi.

Til máls tóku: GDP og DS

**Liður 14. Erindi frá Gunnhildi Gunnarsdóttur um fjárstuðning í U-16 landslið Íslands í körfuknattleik.**

Samþykkt samhljóða að veita Gunnhildi Gunnarsdóttur styrk að upphæð kr. 20.000. Til máls tóku: GDP, DS og ELB

**Liður 15. Erindi frá aðstandendum listahátíðar um fjárstuðning vegna listahátíðar ungs fólks á Snæfellsnesi.**

Samþykkt samhljóða að veita aðstandendum listahátíðar ungs fólks á Snæfellsnesi styrk að upphæð kr. 100.000, að því gefnu að listasmíðjur verði í Stykkishólmi og afrakstur smíðjanna verði sýndur á Dönskum dögum sé þess óskað. Til máls tóku: GDP og BA

**Liður 16. Erindi frá Körfuknattleikssambandi Íslands vegna stuðnings við Egil Egilsson í æfingabúðir fyrir yfirburða unglinga í körfuknattleik.**

Samþykkt að Egill Egilsson hljóti laun sem nemur einu stöðugildi við Vinnuskóla Stykkishólmsbæjar frá 12.6 til 4.8. 2006, á meðan hann dvelur í æfingabúðum KKÍ.

**Liður 17. Endurskoðun gjaldskrár vinnuskólans vegna sláttar og hirðingar lóða, klippingu og snyrtingu á trjám.**

**Hækkun og breytingar á gjaldskrá samþykktar. Til máls tóku: EF,ELB,HG og GDP**

**Liður 20. Umsóknir um starf afgreiðslugjaldkera.**

Bæjarstjóri gerði grein fyrir umsóknum. Bæjarstjóra falið að ganga frá að ráða Helgu Sigurjónsdóttur í 68% starf afgreiðslugjaldkera. Samþykkt með sex atkvæðum, Davíð vék af fundi vegna tengsla við einn umsækjanda undir þessum lið.Til máls tóku: EF

**Liður 21. Erindi Siglingaklúbbs Snæfells, um styrkbeiðni. Samþykkt að fresta erindinu, þar sem ekki hefur náðst í forsvarsmenn Siglingaklúbbs Snæfells.**

**Til máls tóku: GDP,DS og EF**

**Liður 22. Samningur við Sæferðir ehf. um rekstur upplýsingamiðstöðvar. Samþykktur samhljóða.**

**Til máls tóku: GDP,DS og EF**

**Liður 23 Innköllun á lóðum samkvæmt “eins árs reglunni”.**

**16. júní 2005 samþykkti bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar að lóðir féllu til baka til bæjarins ef lóðarhafi hafði ekki hafið framkvæmdir innan eins árs.**

**Eftirtaldar lóðir eru innkallaðar á grundvelli þessarar samþykktar:**

**Hjallatagi 2- Berglín, Baldur Bergmann (úthlutað 12.09.2001).**

**Reitur H við- Þverveg Þ.B. Borg ( úthlutað 29.10. 2003).**

**Reitarvegur 6a- Erlar Kristjánsson (úthlutað 20.01. 2005).**

**Til máls tóku: GDP,BA,DS og ELB**

**Liður 24 Háskólasetur/ fræðimannaíbúð.**

**Bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu. Til máls tóku: EF og BA**

**Liður 25 Ljósmyndasafn Stykkishólms.**

**Samþykkt að fela safna- og menningarmálanefnd að gera drög að samþykktum fyrir Ljósmyndasafn Stykkishólms og nefndin leiti umsagnar framkvæmdanefndar um gjöf Jóhanns Rafnssonar.**

**Til máls tóku:GDP,EF,ELB og DS**

**Liður 26 Tillaga frá Gretari varðandi fundargerðir nefnda.**

**Samþykkt samhljóða að birta fundargerðir nefnda á heimasíðu Stykkishólmsbæjar eins fljótt og auðið er eftir fund. Til máls tóku: GDP, DS og ELB**

**Liður 27 tillaga frá Gretari varðandi reglur um ráðningar starfsmanna hjá Stykkishólmsbæ.**

**Samþykkt samhljóða að bæjarstjóri geri drög að reglum um ráðningar starfsmanna hjá Stykkishólmsbæ. Til máls tóku: GDP,DS og EF**

**Liður 28 Lárus kom með fyrirspurn hvert ráðningarhlutfall bókara sé. Erla gerði grein fyrir því að ráðningarhlutfallið er 100%. Til máls tóku:EF,DS og GDP**

**Liður 29 Gretar kom með hugmynd um mögulega sölu á Garðaflöt 1 til 3a. Samþykkt samhljóða að skoða mögulega sölu á Garðaflöt 1 til 3a. Til máls tóku:GDP,DS og BA**

**Liður 30 Gretar vekur athygli á uppkeyrslu og plani fyrir framan Stykkishólmskirkju á Borginni. Samþykkt samhljóða að kanna möguleika á aðkomu bæjarfélagsins til að flýta fyrir frágangi fyrir framan kirkjuna. Til máls tóku:GDP,EF,BA og DS**

**Liður 31 tillaga frá Lárusi að kannað yrði kosti þess að malbika gangstéttir. Bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu. Til máls tóku: EF,DS,BA og GDP**

**Liður 32 Lárus kom með fyrirspurn um þjónustu bókasafnsins við vistmenn Dvalarheimilis í Stykkishólmi og lagði áherslu á að þjónusta yrði áfram eins og verið hefur. Erla gerði grein fyrir því að þjónustan er sú sama og verið hefur. Til máls tóku: EF**

**Fundargerðin afgreidd samhljóða.**

## **2. Fundargerðir nefnda.**

2.1. Fræðslunefnd, dags. 22.5.2006.

**Fundargerð framlögð og samþykkt.**

2.2. Hafnarnefnd, dags. 19.5.2006.

**Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.**

2.3. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 21.6.2006.

**Fundargerð samþykkt fyrir á fundinum.**

2.4. Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 15.5.2006.

**Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum .**

2.5. Stjórn Ljósmyndasafn Stykkishólms, dags. 15.5.2006.

**Fundargerð framlögð. Til máls tóku: GDP,DS,ELB og EF**

2.6. Stýrihópur um stækkun grunnskóla og tónlistarskóla, dags. 2.5., 11.5., 17.5. og 19.6 2006.

**Fundargerðir framlagðar og samþykktar. Til máls tók:ELB**

## **3. Lögreglusamþykkt fyrir Stykkishólmsbæ, seinni umræða. Samþykkt samhljóða. Til máls tók:EF,DS,ELB,GDP og BA**

**4. Samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar og fundasköp bæjarstjórnar, fyrri umræða.**

**Samþykkt samhljóða að vísa fundasköpum til síðari umræðu. Til máls tók:EF,DS,ELB og GDP**

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:55

Þór Örn Jónsson,bæjarritari.